

Adalimumab lyfjagjöf vegna þarmabólgu sjúkdóms

Adalimumab er í flokki líftæknilyfja sem draga nafn sitt af framleiðsluaðferð lyfsins, það er að lyfið er framleitt í lifandi frumum.

Lyfið er notað við bólgu sjúkdómum eins og sáraristilbólgu og svæðisgarnabólgu (Crohn's).

Hvernig virkar adalimumab?

Þarmabólgu sjúkdómur veldur brenglun í ónæmiskerfinu til dæmis þannig að ákveðnir bólguvakar verða of virkir. Tumor necrosis factor (TNF) er einn þessara bólguvaka. Lyfið adalimumab hamlar virkni TNF og minnkar þannig bólgu.

Þegar lyfið er gefið vegna þarmabólgu sjúkdóms ætti það að draga úr bólgu, eymslum og stirðleika. Einstaklingsbundið er hversu fljótt árangur kemur fram. Sumir finna áhrif fljótlega, eða eftir 2-3 vikur, meðan aðrir þurfa lengri tíma. Adalimumab gefur góða virkni hjá allt að tveimur af hverjum þremur sem fá lyfið.

Búast má við að full virkni sé komin fram í síðasta lagi 5-6 mánuðum eftir að meðferð er hafin. Ef meðferðin skilar ekki árangri innan 3-6 mánaða þarf að endurskoða hana.

Ef vel gengur er líklegt að meðferðinni verði haldið áfram til lengri tíma. Ef þú ert einkennalaus skoðar meltingarlæknir þinn hvort hægt sé að lengja tímann milli gjafa.

Undirbúningur fyrir meðferðina

Áður en meðferðin getur hafist þarf ákveðinn undirbúning, sem er:

- Blóðsýni
- Lungnamynd
- Berklapróf (blóðsýni)
- Yfirfara bólusetningar

Rannsóknirnar eru gerðar til að útiloka duldar sýkingar eins og til dæmis berkla eða lifrarsjúkdóma, þar sem þessir sjúkdómar geta versnað eða vaknað upp við meðferðina.

Gjöf lyfsins

Adalimumab er gefið á 14 daga fresti með lyfjapenna undir húð, oftast í kvið eða læri. Hjúkrunarfræðingur kennir þér aðferðina á göngudeild. Ef þú treystir þér ekki til að sprauta þig er hægt að fá aðstoð til þess á heilsugæslustöð.

Í fylgiseðli lyfsins eru góðar leiðbeiningar um hvernig lyfjapenninn er notaður.

Hvað á að gera ef skammtur gleymist?

Ef lyfjagjöf gleymist gefur þú þér lyfið strax og þú manst eftir því og síðan næsta skammt 14 dögum síðar. Hafðu samband við göngudeildina ef þú ert í einhverjum vafa.

Geymsla lyfsins

Adalimumab á að geyma í ísskáp við 2-8 °C. Ef nauðsyn krefur, til dæmis á ferðalögum má geyma lyfjapennann í 28 daga utan kælis, sjá nánar á fylgiseðli lyfs. Farga þarf lyfinu ef liðnar eru meira en fjórar vikur frá því það var tekið úr kæli.

Geyma þarf lyfið á öruggum stað, þar sem börn ná ekki til.

Meðhöndlun á notuðum lyfjaumbúðum

Notuðum lyfjapennum og sprautum á að skila til eyðingar í apótek.

Aukaverkanir

Flestir þola adalimumab meðferðina án umtalsverðra aukaverkana. Sumir finna fyrir þreytu og flensulíkum einkennum daginn sem þeir fá lyfið. Þeir sem fá meðferð með adalimumab er hættara við að fá sýkingar eins og blöðrubólgu, sýkingar í efri loftvegum og húðsýkingar. Einnig getur verið hættara við krabbameini í húð. Því er hvatt til að forðast beint sólarljós og nota góða sólarvörn utandyra.

Til athugunar

Mikilvægt er að fylgja þeirri skimun á heilsufari sem almennt er mælt með, svo sem brjóstamyndatöku, leghálsstroki, ristilspeglunum og reglulegri blettaskoðun hjá húðlækni.

Ofnæmisviðbrögð

Alvarleg ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf en þau krefjast alltaf meðhöndlunar læknis.

Leitaðu tafarlaust læknishjálpar ef þú færð einhver af eftirfarandi einkennum:

- Öndunar- eða kyngingarerfiðleika.
- Þrota í andlit, tungu, varir eða háls.
- Sundl eða svima sem getur verið merki um lágan blóðþrýsting.
- Verulegan kláða í húð ásamt rauðum útbrotum.

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Eftirfylgd

Gættu þess að eiga alltaf bókaðan tíma hjá þínum meltingarlækni til að hægt sé að meta árangur og öryggi lyfjagjafarinnar. Lyfið er leyfisskytt og meltingarlæknir þarf að sækja reglulega um leyfi fyrir meðferðinni til lyfjanefndar, yfirleitt fyrst eftir sex mánuði og svo árlega.

Sýkingar og veikindi

Ef þú ert með hita eða flensulík einkenni þarf að taka hlé á meðferðinni. Ef þú þarft á sýklalyfjameðferð að halda lýkur þú henni áður en meðferð með adalimumab er haldið áfram.

Akstur

Adalimumab hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs.

Skurðaðgerðir og læknisheimsóknir

Mikilvægt er að láta meltingarlækni eða hjúkrunarfræðing á göngudeild 10E vita ef fyrirhuguð er skurðaðgerð eða inngríp hjá tannlækni, einnig við húðflúr og speglafræðing. Það getur þurft að gera hlé á meðferðinni þar til skurðsár er gróið og saumar hafa verið fjarlægðir og engin merki eru um sýkingu. Eftir það heldur meðferðin áfram eins og frá var horfið.

Til athugunar

Segðu frá því að þú sért á meðferð með adalimumab við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða við innlögn á sjúkrahús.

Bólusetningar

Ráðlagt er að allir sem eru á adalimumab meðferð fari árlega í bólusetningu vegna influensu og fái bólusetningu við lungnabólgu áður en meðferð er hafin eða á fimm ára fresti í samráði við meltingarlækni. Mælt er með að tímasetja bólusetningu þannig að hún sé mitt á milli þess sem sprautur eru gefnar. Þeir sem eru á líftæknilyfjum mega ekki fá ákveðnar tegundir bóluefna, svokölluð lifandi bóluefni. Hægt er að fá upplýsingar um bóluefnin hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi á göngudeild eða á heilsugæslu.

Adalimumab og önnur lyf

Adalimumab þolist yfirleitt vel með öðrum lyfjum og eru önnur ónæmisbælandi lyf svo sem Imurel gjarnan notuðu samhliða meðferð með adalimumab. Einstaka sinnum eru sama sjúklingi gefnar tvær tegundir af líftæknilýfi. Óhætt er að taka verkjalyf eins og paracetamol þrátt fyrir meðferðina.

Meðganga og brjóstgjöf

Áhætta á fósturskaða er ekki þekkt en ráðlagt er að ræða fyrirhugaðar barneignir við meltingarlækni með tilliti til lyfjagjafa og virkni sjúkdómsins.

Ferðalög

Þegar þú ferðast er mælt með því að vera með adalimumab í handfarangri. Ef ferðast er með meira en tvo penna þarf að tryggja kælingu í ferðalaginu. Þegar ferðast er til útlanda er ráðlagt að hafa meðferðis samevrópska sjúkratryggingakortið. Sótt er um það á sjukra.is. Hægt er að sjá lyfjafyrirmæli á Heilsuvera.is.

Frekari upplýsingar

Ef þú ert í einhverjum vafa eða vantar frekari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing á göngudeild 10E í síma 543 2200 klukkan 08:00-15:00 virka daga.

Hafðu samband við göngudeild eða heilsugæslustöð ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Breyting á þvaglátum svo sem ef þau eru tíð, sárt er að pissa eða þvag er gruggugt og illa lyktandi.
- Hósti, uppgangur eða þyngsli fyrir brjósti.
- Líkamshiti hærri en 38,2°C.
- Breytingar á fæðingarblettum á húð eða nýir koma fram.

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Gagnlegar upplýsingar og vefsíður

- Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.
- Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin: www.ccu.is.